

Aðalfundur Glímufélagsins

22. mars 2018

Snorri Þorvaldsson formaður setti fundinn, þann 129. í röðinni og minntist látinna félagar:

- Árni Kjartansson heiðursfélagi f. 26.11.1922, d. 28.09.2017, hann var mikill Ármeningur, var í frjálsum og skíðum, tók þátt í að byggja skíðaskálann. Hann var áhugaljósmyndari og eftir hann liggur ógrynni af myndum frá félagsstarfinu.
- Birgir Örn Birgisson f. 23.09.1942, d. 11.12.2017, var í körfunni og í fyrsta landsliði íslendinga. Var alltaf í Ármanni þrátt fyrir boð frá öðrum félögum.
- Ernst Fridolf Backmann f. 21.10.1920, d. 22.02.2018, sundkennari og sundþjálfari hjá Ármanni, mjög öflugur.

Stungið upp á að Gunnar Örn Guðmundsson verði fundarstjóri og Vilborg Ævarsdóttir fundarritari.

Fundarstjóri tekur við og þakkar fyrir sig og bendir á að þetta sé frumraun hans í fundarstjórnun. Kjörbréfanefnd er skipuð þeim Valgeiri Jónassyni og Jakobi Kristinssyni, þeir taka til starfa.

Snorri les skýrslu stjórnar. Fráfarandi stjórn frá aðalfundi 30. mars 2017:

- Snorri Þorvaldsson, formaður
- Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
- Sigurða Sigurðardóttir, ritari
- Vilborg Ævarsdóttir, gjaldkeri
- Einar Bjarnason, meðstjórnandi
- Lárus Páll Pálsson, meðstjórnandi
- Jakob Kristinsson, meðstjórnandi
- Varamenn: Gunnar Örn Guðmundsson, Bryndís Haraldsdóttir og Hólmfríður Inga Eypórsdóttir
- Skoðunarmenn reikninga: Hrefna Sigríður Briem og Valgeir Jónasson
- Varaskoðunarmenn: Hermann Valsson og Haraldur Haraldsson

Stjórn hélt 7 fundi á árinu. Deildir félagsins eru reknar með miklum dugnaði og myndarskap. Eiður íþróttafulltrúi fer betur yfir störf deilda í sinni skýrslu hér á eftir. Ármenningar eru orðnir langþreyttir á félagsaðstöðuleysinu, virðumst vera aftarlega í röðinni hjá borginni í ákvarðanatöku. Þróttarar eru með hugmyndir um nýtt hús á planinu og ef það verður að veruleika þá fengjum við þetta hús sem félagshús. Nýja húsið er mjög dýr framkvæmd sem veltist um í borgarkerfinu, án samþykktar og á eftir að taka tíma. Ef þetta gengur eftir förum við fram á viðbyggingu meðfram okkar húsi og á milli húsanna. Þá verður til góða aðstaða fyrir okkur. Skíðaskálinn þarf mikið viðhald og endurbætur.

Héldum uppá 129 ára afmælið í desember og fengum endurnýjun á fyrirmyndarfélagi ÍSÍ sem endurnýjast á fjögurra ára fresti. Mikill heiður að vera svona stórt félag með margar greinar og titilinn fyrirmyndarfélag.

Íþróttamaður ársins var kjörinn Júlían J.K. Jóhannsson, kraftlyftingamaður og Guðmundur Karl Úlfarsson, frjálsíþróttamaður var valinn efnilegasti íþróttamaður Ármanns.

Fjórtán Ármenningar hlutu styrk úr afrekssjóðnum og tveir Ármenningar tóku þátt á nýafstöðnum vetrarólympíuleikum í alpagreinum, það eru þau Sturla Snær Snorrason og Freydís Halla Einarsdóttir.

Snorri líkur máli sínu á að þakka stjórnarmönnum fyrir samstarfið og framkvæmdastjóra og íþróttafulltrúa fyrir þeirra góðu störf á árinu.

Fundarstjóri þakkar Snorra og biður um gögn frá Kjörbréfanend. Valgeir tekur til máls og segir atkvæðin vera 12 frá sex deildum, þ.e. aðalstjórn, júdó-, fimleika-, kraftlyftinga-, körfu- og taekwondodeild.

Kjörbréfin borin upp til samþykktar og þau samþykkt.

Jón Þór Ólason framkvæmdastjóri leggur fram reikninga félagsins og svarar spurningum. Segir reksturinn hafa aukist vegna kaupa á búnaði og skíðaskálinn hefur verið dýr.

Reikningarnir samþykktir með lófataki.

Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til umræðu og samþykktar. Samþykkt.

Engar lagabreytinga tillögur. Íþróttanámsskráin óbreytt.

Skýrsla íþróttafulltrúa.

Eiður sagði frá tilnefningum deilda til íþróttamanna og efnilegustu Ármenninganna.

Frá deildum komu eftirfarandi tilnefningar til íþróttamanna þeirra:

- Dominiqua Alma Belányi – Fimleikar
- Ásdís Hjálmsdóttir – Frjálsar
- Sveinbjörn Jun Jura – Júdó
- Júlían J.K. Jóhannsson – Kraftlyftingar (Íþróttamaður Ármanns 2015/2016)
- Þorleifur Baldvinsson – Körfuknattleikur
- Ingvi Karl Jónsson – Lyftingadeild
- Sturla Snær Snorrason – Skíði
- Ásta Kristín Jónsdóttir – Sund
- Eyþór Atli Reynisson – Taekwondo

Efnilegustu íþróttamenn frá deildum:

- Anna Helga Jóhannsdóttir – Fimleikar
- Guðmundur Karl Úlfarsson – Frjálsar íþróttir (efnilegasti íþróttamaður Ármanns 2017)
- Bjarki Arnórsson - Júdó
- Kristín Þorsteinsdóttir Sonnentag – Kraftlyftingar
- Jelana Tinna Kujundic – Körfuknattleikur
- Guðbjartur Daníelsson – Lyftingadeild
- Hjördís Kristinsdóttir – Skíði
- Ágústa Bergrós Jakobsdóttir – Sund
- Gerður Eva Halldórsdóttir – Taekwondo

Úr afrekssjóði var kr. 1.090.000 úthlutað til 15 afreksmanna:

- Úr Fimleikadeild: Jón S. Gunnarsson, Dominiqua Alma Belányi, Irina Sazonova, Jónas Ingi Þórisson og Magnea Björg Friðjónsdóttir.
- Úr Frjálsíþróttadeild: Ásdís Hjálmsdóttir, Helgi Sveinsson, Guðmundur Karl Úlfarsson og Trausti Þór Þorsteins.
- Úr Kraftlyftingadeild: Júlían J.K. Jóhannsson.
- Úr Skíðadeild: Harpa María Friðgeirsdóttir, Freydis Halla Einarsdóttir og Sturla Snær Snorrason.
- Úr Taekwondodeild: Eyþór Atli Reynisson og Hakon Jan Norðfjörð.

Helstu verkefni: samstarfsverkefni við HÍ og HR. Leikskólarnir Hof og Langholt senda 80 elstu börnin á miðvikudagsmorgnum í klst. þar sem íþróttakennarar frá HÍ sjá um tímana og eftir áramót bættust namar frá HR við í samstarfið. Þetta verkefni hófst í haust og gengur gríðarlega vel, mikil ánægja. Hafa verið í fimleikasalnum í stöðvaþrautum og mögulega verður hægt að bæta fleiri íþróttagreinum við þegar líður á árið. Reyna þá einnig að fá fleiri leikskóla með þar sem sex leikskólar eru í nágrenninu. Þetta verkefni er styrkt af Reykjavíkurborg og verður áfram næstu ár. Frábært verkefni allir fengu viðurkenningarskjal í lokin, það fer inn á öll heimili og þannig komum við okkur á framfæri, erum hverfisfélag viljum koma okkur sterkar inn. Mjög stoltir af þessu verkefni sem við viljum þróa áfram. Horfum til ÍR ungra verkefnisins, þurfum að finna nafn á okkar verkefni og fá fleiri börn í fleiri greinar. Gætum jafnvel boðið 1. bekk að æfa innan Ármanns, þau flakkað á milli deilda, nema fimleika sem eru svo þétt setnir.

Ráðningarsamningur þjálfara, hefur vantað staðlaðan samning í félagið fyrir allar deildir. Búin að búa til þriliða samning, JÞÓ kvittar fyrir hönd aðalstjórnar og síðan forsvarsmenn deilda og loks þjálfari. Þjálfari verður að vera búin að lesa yfir siðareglur félagsins og handbókina áður en hann undirritar. Sendum ítarlegri siðareglur ásamt samningnum til allra deilda. Viljum vera til fyrirmyndar með þetta þar sem við erum fyrirmyndarfélag. Handbók deilda var hluti af því að verða fyrirmyndarfélag, hún verður sett á heimasíðuna fyrir foreldra. Verður að framvísa sakavottorði, kemur fram í samningnum. Félagið er alltaf ábyrgðarmaður deilda, vitum þá hvað er í gangi í deildum, hækka standardinn.

Kosning stjórnar, samkvæmt lögum er kosið til 2 ára og varastjórn kosin ár hvert. Þarf að kjósa 3 í aðalstjórn.

- Formaður – Snorri Þorvaldsson, situr áfram.
- Vilborg Ævarsdóttir og Einar Bjarnason sitja áfram.
- Sigurða Sigurðardóttir og Jakob Kristinsson, gefa kost á sér áfram – samþykkt.
- Gunnar Örn Guðmundsson og Hólmfríður Inga Eyþórsdóttir, gefa kost á sér – samþykkt.
- Varamenn, Bryndís Haraldsdóttir, Oddur Jóhannsson og Bergþóra Guðmundsdóttir, tilnefnd – samþykkt.

- Kosnir tveir skoðunarmenn: Hrefna Sigríður Briem og Valgeir Jónasson.
- Varaskoðunarmenn: Hermann Valsson og Haraldur Haraldsson.

Önnur mál.

Dagbjört frá taekwondo spyr út í búningsklefana, sturtuaðstaðan hræðileg beggja megin, blöndunartækin, hausarnir lélegir, aldrei sápa. JÞÓ svarar, eru allt of litlir 2 klefar með 6 sturtum hvor fyrir 4 deildir. Búið að ræða í borgarkerfinu í mörg ár. Í nýrri viðbyggingu yrðu fullt að sturtuklefum og önnur aðstaða. Ekki hægt að setja 6 ára börn í sturtu með fullorðnum. Okkur alltaf bent á að í þessu mannvirki sé nóg af klefum, hjá Þrótti. Búin að kvarta yfir sturtunum og hausunum og búin að fá fjármagn fyrir endurbótum og jafnvel verður bætt við sturtum. Þarf að finna tímasetningu í verkið þar sem þarf að loka á meðan.

Karl úr körfunni. Deildin er með óvenjulegt vandamál, stækkum svo hratt, erum að nálgast 300 iðkendur, tveir þjálfarar sem endalaust moka inn börnum. Farið að vekja athygli. Á nettómótinu vorum við stærstir með 100 börn á mótinu. Erum með fáránlega aðstöðu nánast enga, hvetur Eið og Jón Þór áfram að berjast fyrir betri aðstöðu. Nú æfa 150 börn í Langholtsskóla og Laugarnesskóla. Þurfum að gera e-ð ef á að halda áfram að þróa þetta starf. Íþróttahús Kennaraháskólans æskilegt, verðum að berja á því að samningur milli ríkis og borgar fari í gegn. Verður reynt að ýta okkur í burtu á þeirri forsendu að nýtt boltahús rísi í dalnum, það má ekki gerast. Búin að bíða í mörg ár. JÞÓ segir að við verðum að pressa fyrir haustið. Ríkið dregur lappirnar.

Snorri tekur við og segir óvíst að nýja boltahúsið rísi, kostar 3 milljarða og stendur það í borginni. Höldum baráttunni áfram. Feikna góð vinna hjá Eiði, háskólaverkefnið athyglisvert, skiptir allt máli. Félagið stendur býsna sterkt í heild sinni. Verðum að láta ráðamenn vita að íþróttahúsin eru mikið atriði fyrir unga fólkið, besta forvörnin.

Sigurjón Yngvason og Sigurður Ingólfsson eru að skrifa sögu körfudeildarinnar meðan fólk er á lífi, grafa í gömlum fundargerðum. Kristín Ólafs varaformaður var að ganga úr stjórn, mikill félagsmaður, gott að hafa svona konu í stjórn. Oddur Jóhannsson nýr úr körfudeildinni í stjórn.

Fundi slitið